

Myndlistarráð

Fundur nr. 21/2024

Fimmtudaginn 10. júní, kl. 15:00
Fjarfundur

Mættir eru: Ásdís Spanó, formaður myndlistarráðs, Anna Jóhannsdóttir, (Listasafn Íslands), Margrét Elísabet Ólafsdóttir (Listfræðafélag Íslands), Katrín Elvarsdóttir (SÍM), Hlynur Helgason (SÍM), Auður Jörundsdóttir MM og Tinna Guðmundsdóttir, verkefnastjóri MM.

Fundargerð:

- Fundargerð síðasta fundar
 - Fundargerð frá 16. maí 2024 samþykkt.
- Myndlistarsjóður: skilyrði, viðmið og reglur
 - Tinna leggur fram samantekt um skilyrði, viðmið og reglur myndlistarsjóðs. Umræður um tegundir styrkja og matsviðið. Ákveðið að halda vinnufund og fara nánar yfir umgjörð sjóðsins með tilliti til ferðastyrkja innanlands, styrki fyrir þátttöku í kaupstefnum og alþjóðlegar verkefna.
 - Tinna leggur fram auglýsingu um haustúthlutun myndlistarsjóðs 2024. Ákveðið að úthluta 30.000.000 kr. að þessu sinni.
- Samstarfssamningar
 - Rætt almennt um forsendur samstarfssamninga.
 - Ákveðið að bjóða Sequences myndlistarhátíð þriggja ára samstarfssamning frá og með september 2024. Auður og Tinna munu útfæra samning og leggja fram á næsta fundi.
- Önnur mál
 - Ásdís upplýsir ráðið um að ekki hafi náðst að senda inn umsögn um frumvarp til laga um listamannalaun.
 - Tinna og Auður víkja af fundi
 - Umsóknir í ISCP. Alls bárust 14 umsóknir. Myndlistarráð fór yfir umsóknir og valdi þrjá listamenn á forvalsslista. Lokaval er í höndum ISCP.

Fundi slitið kl. 16:25

Næstu fundir myndlistarráðs verða 21. ágúst og 23. september.